



# SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1097  
komudagur 9.3.2009

Fullnustudeild  
Fax nr. 562-8415

Dagsetning  
6. mars 2009

Tilvísun

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

## Varðar: Umsögn um 125. mál - frumvarp til laga um ábyrgðarmenn

Eftirfarandi eru athugasemdir sýslumannsins í Reykjavík við 1. mgr., 8. gr. ofangreinds frumvarps sem er það ákvæði frumvarpsins sem fyrst og fremst snýr að verksviði sýslumanna og hljóðar þannig: „*Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar*“.

Í fyrsta lagi er spurning hvort hægt er að gefa einhverjar leiðbeiningar í ákvæðinu sjálfu um það hvað leggja skal til viðmiðunar varðandi búsetu, t.d. hvort yfirlýsing gerðarþola er nægileg eða skráð lögheimili eða hvort þörf er á annars konar sönnun fyrir búsetu. Einnig er spurning hvort ákvæðið á að gilda um allar tegundir fasteigna.

Í öðru lagi er það spurning hvort ákvæðið þarf að vera fortakslaust, þ.e. að gerðarþola verði fyrimunað að samþykka að fjárnám verði gert í fasteign ef hann óskar þess. Í því samhengi þarf að hafa í huga að árangurslaust fjárnám getur orðið grundvöllur gjaldþrotaskipta og því koma hugsanlega upp þær aðstæður að gerðarþoli kjósi fremur að fjárnám verði gert í fasteign þar sem hann býr heldur en að fjárnám verði árangurslaust. Ákvæðið sem lagt er til í 2. mgr. 8. gr. tekur að einhverju leyti á þessu en þar er lagt til að heimildir lánveitanda til að krefjast gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns verði þringdar.

Í þriðja lagi er spurning hvernig fara skal með mál ef gerðarþoli mætir ekki þegar aðför á að fara fram. Verður þá talið nægilegt að gerðarþoli sé með skráð lögheimili á fasteign til að ekki verði gerð aðför eða á að leggja eitthvað annað til grundvallar.

Að öðru leyti er ekki óskað eftir að gera athugasemdir við frumvarp þetta.

Sýslumaðurinn í Reykjavík

Sigríður Eysteinsdóttir  
deildarstjóri fullnustudeildar

